

Ed.

358. Frumvarp til laga

[189. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Við C-lið 30. gr. laga bætist nýr töluliður er verði 5. tl. og orðist svo:

Kostnað vegna handverkfæra innan viss hámarks er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfs síns. Ríkisskattstjóri skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. Þá er þeim er hafa tekjur skv. 1. mgr. 7. gr. af hljóðfæraleik og leggja sjálfir til hljóðfæri heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna hljóðfæraanna eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. gr.

Í stað „1 500 000 kr.“ í 1. málslíð 2. málsgreinar 1. töluliðs E-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna komi: 2 500 000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 40/1978 voru gerðar röttækar breytingar á frádráttarheimildum tekjuskattslaga. Fólu þær meðal annars í sér að launþegum var veitt heimild til frádráttar á 10% af launatekjum, en jafnframt voru felldar niður heimildir til frádráttar vegna ýmissa kostnaðarliða launþega og var verkfærakostnaður iðnaðarmanna þar á meðal. Í tengslum við kjarasamninga í október sl. gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um ýmiss konar ráðstafanir er auðvelda áttu lausn kjaradeilunnar. Í þessari yfirlýsingu var því m.a. heitið að fjármálaráðherra heitti sér fyrir breytingum á tekjuskattslögum á þá lund að kostnaður launþega í löggiltum iðngreinum vegna kaupa á handverkfærum verði frádráttarbær frá tekjum. Er 1. gr. frumvarps þessa í samræmi við þessa yfirlýsingu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að hámarksfrádráttur vegna vaxtagjalda einstaklinga utan atvinnurekstrar verði hækkaður úr 1 500 000 kr. í 2 500 000 kr. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að skattvísitala verði 145 við álagningu á árinu 1981. Miðað við þá vísitölu verður hámark vaxtafrádráttar einhleypings 3 625 000 kr. en hámark vaxtafrádráttar hjóna 7 250 000 kr. við álagningu á næsta ári. Ætla má að þessi breyting kosti ríkissjóð nærfellt 250 milljónir króna á árinu 1981.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.